

Tímarammi á afgreiðslutíma svara við rannsóknum

Rannsókn	Venjulegur	Flýtimeðferð (20% álag)	Ath.semdir
<i>I. Vefjameinafræði</i>	Innan 5 virkra daga	Innan 3ja virkra daga	Tímaramminn miðast við komu sýna að Keldum, ekki tíma sýnatöku
<i>II. PCR-greiningar</i>	Innan 5 virkra daga	Innan 2ja virkra daga	
<i>III. Bakteriugreiningar</i>	14 dagar ¹	Ekki framkvæmanleg ³	
<i>IV. Frumurækt á veirum</i>	14 dagar ²	Ekki framkvæmanleg ³	

- Þessi tímarammi gildir nema um annað sé samið, með þeim fyrirvörum sem tíundaðir eru hér að neðan.
- Í tilfellum sem geta komið upp, þ.e. óviðráðanleg seinkun af einhverjum toga, skal viðskiptavini og/eða þjónustuaðila viðskiptavinar (verkkaupa) tilkynnt um þá seinkun og hvenær reikna megi með niðurstöðum.
- Í tilfellum þar sem Rannsóknadeild fisksjúkdóma getur ekki tekið við sýnum, t.d. í tilfalli veikinda eða sumarfría (skortur á starfsfólki), skal verkkaupa greint frá því með fyrirvara (ef það er unnt) og jafnframt hvenær mál verði komin aftur í eðlilegt horf.

¹Stefnt á að skila innan þessa tímaramma. Hins vegar, sökum eðlis bakteriurannsókna getur afgreiðslutími, í einhverjum tilfellum, verið lengri. Þá verður verkkaupa tilkynnt um það.

² Ef veirur ræktast úr sýnum sem sáð er á frumulínur, er frekari greininga þörf með PCR aðferðum. Í slíkum tilfellum seinkar því afgreiðslutíma lokaniðurstaðna um að hámarki þrjá daga. Samráð verður haft við verkkaupa í slíkum tilfellum.

³Ef markmiðið er að skima fyrir ákveðnum sýklum (s.s. veirum, bakteríum), er fljótlegast og best að prófa sýni í PCR. Yfirlit um sýkla sem skimað er fyrir á Keldum má sjá í viðauka á næstu blaðsíðu.

Beint til þeirra er óska eftir rannsókn

Tryggja þarf:

- Ferskleika sýna (eftir því sem hægt er) – „*post-mortem*“ skemmdir koma fljótt fram, einkum í tálknum, meltingarvegi og lifur.
- Gæði sýnatöku
 - Sé tekið stök úr sári, er æskilegt að sótthreinsa opið sár með 70% etanóli, áður en sýni í rækt er tekið (minnkar líkur á yfirvexti rotbaktería).
 - Viðundandi sáningu á bakteríuskálar (ekki skipta skálum í meira en 2 hluta).
 - Best er að nota heila skál fyrir hvet sýni, agarskálar eru innifaldar í verði rannsóknar.
 - Ef um er að ræða sýnileg sár (eða önnur afbrigðilegheit), skal leitast við að hluti sýnis sé af sýnilega eðlilegum vef ásamt skemmdu svæði.
 - Hæfilega stóra bita í formalín.
 - Nægt formalín - að lágmarki 1:5 vefur:formalín.



Árni Kristmundsson, Deildarstjóri
Rannsóknadeild fisksjúkdóma.
Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum.

VIÐAUKI - PCR-þjónusta á Rannsóknadeild fisksjúkdóma

Sýkill	Sjúkdómur	Hýslar	Gerð PCR prófs
VEIRUR			
ISAV-del	Blóðþorri	LA	qPCR
ISAV-HPRO	Veldur ekki sjúkdómi	LA	qPCR
SAV	Brisveiki	LA, RE, UR	qPCR
PMCV	Hjartarof	LA	qPCR
IPNV	Brisdrep	LA, ÝF	qPCR
IHNV	Iðradrep	LA, ÝF	qPCR
VHSV	Veirublæði	LA, HK, ÝF	qPCR
PRV	Hjarta- og vöðvabólga	LA, BL, RE, UR, ÝF	qPCR
SGPV	Laxapox	LA	qPCR
KHV	Fiskaherpes	KA	PCR
Noda virus	Taugadrep	FL, HK, Þ, ÝF	qPCR
Eur. N-Atlantic Ranavirus	Ekkert sjúkdómsheiti	HK	qPCR
Flavivirus (CluFV)	Ekkert sjúkdómsheiti	HK	qPCR
Totivirus (CluTV)	Ekkert sjúkdómsheiti	HK	qPCR
Coronavirus (CluCV)	Ekkert sjúkdómsheiti	HK	qPCR
Spring Viremia Carp virus	Ekkert íslenskt sjúkdómsheiti	KA, ÝF	PCR
Alloherpes-veirur	Mörg sjúkdómsheiti	ÝF	PCR
Laxa paramyxo-veira	Ekkert sjúkdómsheiti	LA	qPCR

BAKTERÍUR			
<i>Yersinia ruckeri</i>	Rauðmunnaveiki	LA, BL, RE, ÝF	qPCR
<i>Aeromonas salmonicida</i>	Kýlaveiki/kýlaveikibróðir	LA, BL, RE, HK, ÝF	PCR
<i>Vibrio anguillarum</i>	Vibríuveiki	LA, BL, RE, ÝF	qPCR/PCR
<i>Renibacterium salmoninarum</i>	Nýrnaveiki	LA, BL, RE, UR	qPCR
<i>Tenacibaculum tegundir</i>	Sporð- og uggarot (sjór)	LA, BL, RE, HK, ÝF	qPCR
<i>Moritella viscosa</i>	Vetrarsár	LA, BL, RE, HK, ÝF	qPCR
<i>Branchiomonas cysticola</i>	Þekjublaðra	LA, BL	qPCR
<i>Flavobacterium psychrophilum</i>	Sporð- og uggarot (ferskvatn)	LA, BL, RE, ÝF	qPCR/PCR
<i>Pasteurella spp.</i>	Pasteurellusýki	HK, ÝF	qPCR
<i>Piscirickettsia salmonis</i>	Piscirickettsiusýki	LA, RE, ÝF	qPCR
<i>Vibrio aestuarianus</i>	Vibríuveiki	LI	qPCR
SNÍKJUDÝR			
<i>Gyrodactylus salaris</i>	Roðflyðrusýki	LA	qPCR
<i>Parvicapsula pseudobranchicola</i>	Parvicapsulaveiki	LA, BL, UR, RE, ÝF	qPCR/PCR
<i>Neoparamoeba perurans</i>	Amöbuveiki	LA, HK, ÝF	PCR
<i>Myxobolus cerebralis</i>	Hvirfilsýki	RE, LA, BL, UR	qPCR/PCR
<i>Tetracapsuloides bryosalmonae</i>	PKD-nýrnasýki	LA, BL, RE, UR	PCR
<i>Bonamia tegundir</i>	Bonamíuveiki	LI	qPCR
<i>Marteilia tegundir</i>	Marteilíuveiki	LI	qPCR
<i>Tetracapsuloides bryosalmonae</i>	PKD-nýrnasýki	LA, BL, RE, UR	qPCR/PCR

STAÐFESTINGARPRÓF – ÞRÓUNAARFRÆÐI SÝKILS (T.D. TIL RAKNINGAR Á UPPRUNA SMITS)	
ISAV-del vs ISAV-HPRO	PCR á þætti 6 (5 og 7 ef nauðsynlegt) → Rafdráttur og raðgreining
Aðrar veirur og bakteríur	PCR sem magnar upp ákveðin svæði genamengis → rafdráttur → raðgreining

ANNÆÐ	
Áður óþekktir sýklar	Val á erfðavísnum sem magna upp ákveðna hópa sýkla. Mögnun á erfðaefni og raðgreining.

Skammstafanir: LA = Lax; BL = Bleikja; RE = Regnbogasilungur; UR = Urriði; FL = Flúra; Þ = Þorskur; KA = Karpí; ÝF = Ýmsar fisktegundir; LI = Lindýr.